Nr. 27.
8.
nóv.

# Lög

um

## að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Allar þær jarðir í Rangárvallasýslu, sem á næstliðnum árum hafa orðið fyrir stórkostlegum skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin kveður á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Jarðamat þetta skal fara fram á tímabilinu frá 1. júlí til 16. september 1884.

2. grein.

Í sýslunni skulu 3 menn, sem til eru kvaddir af sýslunefndinni, er hún álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni. Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri þeirri sveit, sem matið fer fram í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsmönnum til fyrirmyndar. Jarðir þær, sem metast eiga, skulu miðaðar við fyrirmyndarjörðina, og metast til hundraða í því hlutfalli, sem matsmenn álíta að notkunargildi hinnar skemmdu jarðar standi í við fyrirmyndarjörðina.

3. grein.

Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt að mat eigi fram að fara, svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið eptir að hún hefur leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. grein.

Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

# Lov

Nr. 27.
8de
Novbr.

om

## Matrikulering af nogle Jorder i Rangarvalla-Syssel.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten Stormarn, Ditmarsken Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Alle de Jorder i Rangarvalla-Syssel, som i de sidst forløbne Aar ved Naturbegivenheder ere blevne betydelig beskadigede, skulle ansættes til Dyrhed i Hundreder. Sysselforstanderskabet bestemmer, efter indhentet Erklæring fra vedkommende Repsforstanderskab, hvilke Jorder der skulle matrikuleres.

Denne Matrikulering skal foregaa i Tidsrummet fra 1ste Juli til 16de September 1884.

§ 2.

Matrikuleringen i Sysselet udføres af 3 af Sysselforstanderskabet udnævnte Mænd, som det dertil anser bedst skikkede. De have at udføre Matrikuleringen saaledes, at de i paakommende Tilfælde kunne bekræfte den med Ed. Sysselmanden forestaar og leder Matrikuleringen, men deltager ikke i Afstemningen. For at tjene Taxationsmændene som Maalestok, vælger Sysselforstanderskabet i hver Kommune, hvor Matrikuleringen skal finde Sted, mindst en Jord, der anses mest passende ansat til Hundreder i Jordebogen af 1861. De Jorder, der skulle matrikuleres, sammenlignes med den Jord, der er sat som Norm, og ansættes til Dyrhed i Hundreder efter det Forhold, hvori Taxationsmændene skjønne, at den beskadigede Jords Brugsværdi staar til Normal-Jorden.

§ 3.

At Matrikuleringen skal foretages, bekjendtgjøres saa betimelig for Jordens Eier eller Tilsynsmand, at han kan overvære den. Er Eieren eller Tilsynsmanden utilfreds med den foretagne Matrikulering af en Jord, kan han indanke Sagen til Sysselforstanderskabet, der afgjør samme, efterat have indhentet Erklæring fra vedkommende Repsforstanderskab og truffet de Foranstaltninger, som det anser fornødne.

§ 4.

Sysselmanden skal have en autoriseret Protokol, hvori Matrikuleringsforretningerne indføres.

Nr. 27.
8.
nóv.

5. grein.

þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með áliti sýslunefndarinnar, til landshöfðingja, sem þá annast um, að hún komist svo tímanlega til ráðherrans að honum gefist tækifæri til á alþingisárinu 1885, að hlutast til um, að mat þetta verði staðfest með lagaboði.

6. grein.

Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 4. kr. daglega, er greiðist úr landssjóði.

7. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1884.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Fredensborg, 8. nóvember 1883.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 5.

Efterat Matrikuleringen paa foranførte Maade er sluttet, indsender Sysselmanden en bekræftet Affkrift af Matrikuleringsprotokollen, tilligemed Sysselforstanderskabets Betænkning til Landshøvdingen, som sørger for, at den kommer saa betimelig til Ministeren, at han i Althingsaaret 1885 kan træffe Foranstaltning til, at Matrikuleringen bliver stadfæstet ved Lov.

§ 6.

For de Dage, der medgaa til de foran omhandlede Matrikuleringsforretningers Udførelse, tilkommer der Sysselmanden og hver af Taxationsmændene 4 Kr. daglig i Diæter og Reiseomkostninger.

§ 7.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1884.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Fredensborg, den 8de November 1883.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*